

1867.

19. febrúar.

15. febrúarmán. þ. á., að þeir tveir þriðjungar úr Sigurðarstöðum í Þingeyjarsýslu, sem eru eign Grenjaðarstaðar kirkju, skulu ganga undan henni og vera hæðan af lagðir til Presthóla brauds í sömu sýslu.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það og gjörð þær ráðstafanir, sem með þarf.

26. febrúar.

9. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi um það, hvernig fara skuli með styrk þann, er uppgjafapresti eða prestsekkju hefir verið veittur af stjórnarráðinu, ef sá, sem í hlut á, deyr áður en styrkurinn hefir verið borgaður.

Reikningastjórnardeild konungsríkisins hefir skotið til úrskurðar stjórnarráðsins, hvort það megi standa óhaggað, að styrkur sá, er Steinunni prestsekkju Ólafsdóttur var veittur með bréfi hæðan 9. júlímán. 1864, og var 25 rd. að upphæð, hefir verið borgaður erfingja hennar, þó að tæð prestsekkja hafi andazt í júnímánuði 1864.

Um leið og þess skal getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið skrifað, að eptir því, hvernig á stendur, skuli ekki í þetta skipti hreyfa við því, sem gjört hefir verið í þessu efni, skal yður kunngjört útaf þessu yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hefir sett þá reglu framvegis, að ef að nokkur, sem veittur hefir verið með úrskurði stjórnarráðsins styrkur af 500 ríkisdöllum þeim, sem veittir eru árlega í fjárhagslögunum til styrktar handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum, deyr áður en styrkurinn hafi orðið borgaður, þá má ekki greiða búinu eða erfingjunum meira en svo mikinn part af styrktarskamtinum, er samsvari þeim tíma, sem liðið hefir frá byrjun fjárhagsársins og þangað til hlutadeigandi andaðist; en afganginum er yður, háæruverðugi herra, falið á hendur að útbyta einum

eða fleirum af þeim, sem sókt hafa, og stjórnarráðið hefir ekki getað veitt neinn styrk.

1867.

26. febrúar.

10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um aukaútsvar af landsprentsmiðjunni í Reykjavík.

27. febrúar.

Af því vakið hefir verið máls á, hvort að heimild sé fyrir því samkvæmt 19. grein í reglugjörð 27. nóvembermán. 1846 að heimta af landsprentsmiðjunni í Reykjavík aukaútsvar til bæjarfélagsins í tæðum kaupstað, hafid þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, í bréfi dagsettu 27. júnímán. f. á. látið það álit yðar í ljósi, að það verði að skoða stofnun þessa, — sem fer með bjargræðisveg í bæjarfélagi Reykjavíkur, eins og hver annar borgari, — sem laga-persónu, er eigi þar heima og að því leyti verði talin með bæjarmönnum, og hafid þér því beiðzt samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér látið greiða bæjarfélagi Reykjavíkur úr sjóði prentsmiðjunnar aukaútsvar það, sem jafnað hefir verið á hana fyrir árin 1864 og 1865, og sömuleiðis framvegis skattgjöld þau, sem jafnað kann að verða á prentsmiðjuna samkvæmt lögum þeim, er gilda.

Nú er skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um málefni þetta, skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að stjórnarráðið hér með fellst á uppástungu yðar.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins, amtmannanna og stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun tillags til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar fyrir fæstyrk þann, er embættismenn á Íslandi eru skyldir að kaupa handa konum sínum.

28. febrúar.

Til þess að komast hjá vandkvæðum þeim, sem skipulag